

15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómendur Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Sigur-
geir Sigurjónsson hrl. í stað Gunnlaugs E. Briems full-
trúa og Sigurjóns Á. Ólafssonar alpm.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er af Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórn-
ar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands, er stefna gefin út
4. þ. m. og birt sama dag, en málið er þingfest í dag. Umboðs-
maður stefnda hefur óskað eftir viku fresti til gagnasöfnunar
úti um land og til andsvara. Umboðsmaður stefnanda hefur
neitað um lengri frest en einn dag.

Það er viðurkennt í málinu, að umboðsmaður stefnda hefur
fengið afrit þeirra skjala, er lögð eru nú fram við þingfestingu,
í sínar hendur að morgni þess 6. þ. m.

Með tilliti til þessa, og eftir atvikum þykir rétt að veita
stefnda frest til næstkomandi laugardags 13. þ. m., kl. 10 árd.,
til þess að tjá sig um kröfur stefnanda og leggja fram grein-
argerð af sinni hálfu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til laugardags 13. þ. m., kl. 10 ár-
degis.